

1974

Fimmtudaginn 30. maí 1996.

Nr. 69/1996.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Guðmundi Inga Sigurvinssyni

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Leigubifreiðir. Atvinnuleyfi. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 7. febrúar 1996 að fengnu áfrýjunarleyfi 5. sama mánaðar. Af hálfu ákærvalds er krafist þýgingar á refsingu ákærða.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins.

Samkvæmt ákæru er ákærði sóttur til sakar fyrir að hafa að kvöldi 24. júní 1995 ekið farþegum í leiguakstri án tilskilins atvinnuleyfis á bifreiðinni JP 888 milli tveggja tilgreindra staða í Reykjavík. Er brot ákærða talið varða við 1. mgr. 5. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 61/1995 um leigubifreiðar.

Samkvæmt bifreiðaskrá er bifreiðin JP 888 af gerðinni Mazda, árgerð 1988. Er hún ætluð til hópferða og tekur tíu farþega auk öku-manns. Í 2. málslíð 1. mgr. 1. gr. laga nr. 61/1995 segir, að bifreiðir, sem taki fleiri en átta farþega, falli ekki undir ákvæði laganna. Varðar brot ákærða þannig ekki við þau refsíákvæði, sem tilfærð eru í ákæru, enda er þar ekki vísað til fyrirmæla laga nr. 53/1987 um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum. Verður ákærði því sýknaður af kröfum ákærvaldsins og sakarkostnaður felldur á ríkissjóð, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Ingi Sigurvinsson, er sýkn af kröfum ákærvaldsins í málinu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Elínborgar

1975

Björnsdóttur héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur, og skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. desember 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 14. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 1096/1995: Ákærvaldið gegn Guðmundi Inga Sigurvinssyni, sem tekið var til dóms 7. s. m.

Málið er höfðað með ákæru lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettri 30. október sl., á hendur ákærða, Guðmundi Inga Sigurvinssyni, Asparfelli 4, Reykjavík, kt. 251066-590, „fyrir að hafa laugardagskvöldið 24. júní 1995 án tilskilins atvinnuleysis ekið farþegum í leiguakstri í bifreiðinni JP-888 frá Reyrengi í Reykjavík að veitingahúsinu Ömmu Lú í Kringlunni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 5. gr., sbr. 11. gr. laga um leigubifreiðar nr. 61/1995.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Málavextir.

Eftir ábendingu leigubílstjóra stöðvuðu lögreglumenn ákærða, þar sem hann hafði ekið fimm farþegum í bílnum JP-888 að verslunarmiðstöðinni Kringlunni laugardagskvöldið 24. júní sl. kl. 23.30. Er bíll þessi af gerðinni Mazda E 2000 og skráður sem tíu farþega rúta. Ákærði hefur ekki atvinnuleysi til þess að stunda leiguakstur með fólk, en hann hefur afgreiðslu á stöð Greiðabíla hf.

Ákærði kveður ákærana vera ranga að því leyti til, að hann hafi ekki verið að aka farþegum í leiguakstri. Hann kannast hins vegar við að hafa ekið með farþega þá leið, sem lýst er í ákæru. Hafi hann verið sendur frá stöðinni upp í Reyrengi og ekki átt von á öðru en það væri til þess að aka vörum. Þegar þangað kom, hafi hins vegar aðeins verið um fólk að ræða. Hann hafi samt sem áður ákveðið að aka fólkinu þá leið, sem það bað um, en sleppa því við leigugjaldið.

Vitnið Hjördís Eleonóra Þorkelsdóttir, einn farþeganna, segir þau hafa verið í samkvæmi í Reyrengi og ætlað þaðan í skemmtistaðinn Ömmu Lú. Hafi því verið hringt á bíl, en hún viti ekki, hver hringdi. Þegar bíllinn kom, hafi þau beðið um, að þeim yrði ekið í Ömmu Lú. Ekkert hafi verið rætt um ökugjald í upphafi. Eftir nokkurn akstur hafi bílstjórinn sagt þeim, að þau þyrftu ekki að greiða fyrir ferðina, en enga skýringu gefið á því. Hún kveðst ekki vita til þess, að neinn þeirra farþeganna hafi þekkt ökumanninn.

Meðal gagna málsins er nafnspjald ákærða, sem auk þess er merkt Greiðabílum hf. Er þar kallnúmer ákærða á stöðinni og orðin „10 farþega“. Kveðst ákærði hafa látið búa til spjald þetta handa kunningjum.

Niðurstaða.

Sú viðbára ákærða, að hann hafi talið sig vera að fara í vöruflutning undir miðnætti á laugardagskvöldi, en þegar það reyndist ekki vera, boðist til þess að aka fólkinu endurgjaldslaust, er öll hin ósennilegasta. Þegar höfð er hliðsjón af vætti Hjördísar Eleonóru, gerð bílsins, sem ákærði ók, búnaði hans og öðru, verður að telja sannað, að hann hafi tekið að sér að aka fólkinu gegn gjaldi.

Samkvæmt 5. gr. laga um leigubifreiðar nr. 61/1995 mega þeir einir stunda leiguakstur með fólk, sem fengið hafa til þess sérstakt atvinnuleyfi, og liggja til þess augljós eðlisrök. Í lögnum er slíks leyfis enda ekki krafist til annars leiguaksturs, heldur nægir þá að uppfylla þau almennu skilyrði, sem tiltekin eru í 3. gr. laganna. Ákærði hefur ekki atvinnuleyfi til þess að stunda leiguakstur með fólk. Varð brot hans fullframið, þegar hann hóf að aka farþegunum, og varðar við 1. mgr. 5. gr., sbr. 11. gr. laga um leigubifreiðar nr. 61/1995.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af því, að hann framdi brot sitt í atvinnuskyni, hæfilega ákveðin 40.000 króna sekt, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Elínborgar Björnsdóttur hdl., 40.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Ingi Sigurvinsson, greiði 40.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Elínborgar Björnsdóttur hdl., 40.000 krónur.